

Álfтанesskóla 29.02.2016

Katrín Friðriksdóttir

Deildarstjóri skóladeildar Garðabæjar.

Varðar verkferla þegar upp kemur samskiptavandi meðal nemenda.

1. Unnið er eftir vinnuaðferðum „Uppeldi til ábyrgðar uppbygging sjálfsaga. Þar er gerður greinarmunur á Almennum samskipta / umgengis-reglum og svo ófrávíkjanlegum grundvallarreglum (samanber skólareglur skólans)
2. Ef um er að ræða að mati umsjónarkennara eða starfsmanns sem kemur inní málið að þetta séu samskipti sem hægt er að leysa á staðnum er það gert með sáttahringnum og leiðréttingu þar sem nemendur verða ásáttir um úrvinnslu.
3. Ef nemandi þarf lengri tíma – verður undir eða upplifir að á sér sé brotið fær viðkomandi þann tíma sem til þarf- ná sem fyrst jafnvægi til að taka þátt í úrvinnslu. Þessi úrvinnsla fer oftast fram hjá skólastjórnendum.
4. Ef grunur er um einelti eða að samskiptin birtis með grófum hætti er unnið samkvæmt **áætlun gegn einelti** í grunnskólum Garðabæjar.
5. Ef um er að ræða gróft ofbeldi hvort heldur er lamið/ sparkað eða ljótt og yfirgengilegt orðbragð er viðkomandi nemandi fjarlægður úr aðstæðum – hringt heim / og nemandanum boðið að upplýsa foreldra um að hann verði að yfirgefa skólann vegna atviks þann dag og mæta svo aftur um morguninn með foreldrum sínum hjá stjórnendum til að leiðrétta mistök. Ef nemandinn treystir sér ekki til að greina foreldrum frá- gerir skólastjórnandi það sjálfur. Nemandinn fær heimavinnublað um endurkomu í kennslustund og um bætta hegðun –til að leiðrétta mistök. Nemandinn hefur brugðist trausti og þarf að breyta og bæta hegðun sína.
6. Komið til að vísa þurfi nemenda úr skóla vegna alvarlegra agabrota fer eftir lögum um grunnskóla og reglugerð um samskipti nemenda í grunnskóla.
7. Meðfylgjandi eru úrvinnslublöð og Sáttarborðið. Ávallt er leitast við að reyna vægustu leið fyrst og vægustu viðurlög s.s. að sitja inni þegar frímínútur eru ef árekstrarnir eru síendurteknir í frímínútum – missir af verðmætum. Eða sitja hjá skólastjórnendum – Skjóli – ef atvikið er í kennslustund.

Með kveðju

Sveinbjörn Markús